

Mál nr. 23/2013

Ár 2014, þriðjudaginn, 27. maí var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 23/2013

XX

gegn

YY

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (XX) sem barst siðanefnd 15. október 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (YY) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina ZZ við við rakkann KK án þess að tíkin hafi verið með gilt hnéskeļjavottorð. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 16.október 2013 og henni gefinn frestur til að andmæla til 13.nóvember 2013. Þar sem tilmælum um andmæli var ekki svarað voru þau ítrekuð með bréfi dags. 23.janúar 2014 og gefinn viðbótarfrestur til 30.janúar. Viðbótarsvarfrestur var ekki heldur virtur og þar eð siðanefnd taldi að útséð væri um andsvör af hálfu kærðu var ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var tíkin ZZ pörud við rakkann KK hinn 17. febrúar 2012 án þess að tíkin hefði gilt hnéskeļjavottorð við pörun. Hundarnir eru af kyninu Chihuahua og er tíkin í umsjá kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ. Með kærinni fylgdi pörunarvottorð dagsett 21.ágúst 2013 þar sem fram kemur að tíkin var skoðuð þann sama dag 21.ágúst og stóðst hún skoðun. Kærða svaraði ekki ítrekuðum tilmælum siðanefndar um andsvör og hafði ekki upp neinar varnir í málinu og var málið tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirliggjandi gagna frá skrifstofu HRFÍ.

#### III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir pörun um heilsufars-skoðun.

Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina Chihuahua:

„Hnéskeljaskoðun: Skila þarf vottorði frá dýralækni um ástand hnéskelja ræktunardýrs, þ.m.t. gráðun á losi ef um slíkt er að ræða. Niðurstöður eiga að liggja fyrir við pörun. Vottorð gefið út fyrir ræktunardýr undir tveggja ára aldri gildir í eitt ár, vottorð tveggja ára ræktunardýrs gildir ævilangt (Gildir frá 01.01.2009 til amk 21.11.2017).”

Í málinu liggur fyrir að þegar pörun fór fram hinn 30.mars 2013 hafði tíkin ekki gilt hnéskeljavottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Chihuahua skal liggja fyrir gilt hnéskeljavottorð. Hnéskeljavottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver eru hæfileg viðurlög vegna brotsins. Kærða hefur ekki gefið nein svör eða skýringar né haldið uppi vörnum í málinu. En kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins og er það mat nefndarinnar að hæfileg viðurlög við brotinu sé áminning.

#### IV. Niðurstaða

Kærða YY telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Anna María Flygenring

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir